

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfisgjöld í Reykjavík.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppdráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Reykjavík, skal byggingarfulltrúinn í Reykjavík í umboði borgarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Vegna yfirferðar og samþykktu aðaluppdráttu og fylgiskjala skal byggingarfulltrúi innheimta byggingarleyfisgjöld sem hér segir:

- A) Vegna allra byggingarleyfisumsókna skal greiða lágmarksgjald við móttöku umsóknar kr. 4.800.
- B) Fyrir hvern rúmmetra í nýbyggingu eða viðbyggingu skal greiða byggingarleyfisgjald er nemi 48 kr./m³.
- C) Við endurnýjun byggingarleyfa skal greiða lágmarksgjald.

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. B-lið skal reikna af brúttórúmmáli, sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma.

Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt 2. grein.

5. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

6. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar.

Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

7. gr.

Byggingarleyfisgjald er ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi. Lágmarksgjald er ekki endurgreitt sé umsókn synjað, byggingarleyfi fellur úr gildi, eða umsókn er dregin til baka.

8. gr.

Byggingarleyfisgjöld samkvæmt 2. gr. skulu miðast við launavísitölu 1. janúar ár hvert. Miða skal við grunn í október 2001, grunntala 4678. Lágmarksgjald skal námundað í slétt hundrað króna samkvæmt almennum reiknireglum og rúmmetragjald vera 1% þess.

9. gr.

Innheimt byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu kostnaðar vegna yfirferðar starfsmanna byggingarfulltrúa á aðaluppdráttum og fylgiskjölum þeirra fram að byggingarleyfi.

10. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í borgarstjórn Reykjavíkur þann 15. nóvember 2001 með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, tekur gildi þann 1. desember 2001.

Reykjavík, 20. nóvember 2001.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri.